

Fundur með stjórn UMSE og UFA í fundarsal ÍBA þriðjudaginn 27/7 2010 kl. 20:00

Mættir eru frá UMSE: Óskar Þór, Þorsteinn, Anna Kristín, Kristlaug, Þorgerður, Kristín.

Mættir eru frá UFA: Gunnar, Svanhildur, Hulda, Rannvegi, Pura, Una.

Gunnar setti fundinn og mun stjórna fundinum. Aðalefni fundarins er samstarf UMSE og UFA, aðallega í frjálsíþróttadeild félaganna.

UFA vill eindregið halda góðu samstarfi milli félaganna. UFA hefur velt fyrir sér að sameina þjálfarmál við UMSE, athuga með búningamál.

1. Athuga á með viljann til að smaeina þjálfaramálin, senda á tvo fulltrúa úr hvorri stjórn til að setjast niður með þjálfurum UMSE og UFA.
2. Mótamál.
Pura: Lagði fram tillögu um að sameinast við UMSS og HSP um að fast setja helgar yfir sumartímamann með mót og hin félögin sendi keppendur á mótin milli sambanda, nokkurs konar mótahringur.
Þorsteinn: sagði ástæðu fyrir því að flytja vormót UMSE yfir á virk kvöld vera skortur á tíma, allar helgar voru orðnar uppfullar og þátttaka var orðin dræm en við það að flytja mótin á virk kvöld stór jókst þátttaka til muna.
3. Þjálfaramál.
Ræða þarf við þjálfara UMSE og UFA. Hefur borið á misskilningi og þirringi á milli þjálfara hjá félugunum.
4. Vallarmál.
Borið hefur á reipitogi á vallarnotkun. UFA er með samning við Akureyrarbæ um notkun á Þórsvellinum sem byrjað e að brjóta á. Þegar samingurinn var gerður þurfti UFA að gefa leyfi til æfinga ef að nota átti völlinn á þeirra æfingartíma.
5. Grunnur fyrir samstarfi er að byrja á að sameina þjálfara, að krakkarnir æfi saman hjá þjálfurunum. Ef að fara á út í samstarf um þjálfara þarf að móta vinnureglur sem séu skýrar.
 - Athuga á með sameiningu á meistaraflokk UMSE og UFA.
 - Spurning um að halda starfsmannanámskeið, sameiginlega, jafnvel einu sinni á ári.
 - Gott er að halda sameiginlega fundi milli UMSE og UFA allavega tvisvar sinnum á ári.
 - UMSE finnur tvo einstaklinga á næsta stjórnarfund, sem er 5 ágúst nk. og verður Pura í sambandi við Óskar eftir 5. Ágúst.

Gunnar sleit fundi kl. 21:32

Kristlaug María Valimarsdóttir, ritari.